

Nóta (Framhald)

öndunarvél í sjö mín. og andaði hann sjálfur allan tímann og virtist öndunarmunstrið verið nokkurs konar Cheyne- Stokes munstur. Það er því ljóst að drengurinn hefur ennþá heilastofnsstarfsemi. Þetta var útskýrt fyrir foreldrum og þeim gerð grein fyrir að ekki væri hægt að úrskurða drenginn heiladauðan að svo stöddu. Var síðan haft samband við Rigshospitalet í Kaupmannahöfn og þeim tjáðir málavextir og munum við hafa samband við þau aftur á morgun. Þegar þetta er dict. kl. 19:15 þ. 23.2. hefur drengurinn verið stabil circulatorískt, blóðþrýstingur hefur verið 75-80 í systolu. Hann hefur haft þvagútskilnað en nýlega er búið að setja upp þvaglegg hjá honum.

Hann verður ríkulega vökvaður og mun fá 5% albumin til að halda góðum blóðþrýstingi og þvagútskilnaði. Hann verður síðan skoðaður aftur í fyrramálið og væntanlega prófað að taka hann úr öndunarvél í 5-10 mín. og sjá hverslags öndunarmunstur er á ferðinni. lækir B telur að það muni vart líða meira en 24-48 klst. þar til drengurinn versnar það mikið neurologískt að hægt verður að úrskurða hann heiladauðan. Horfur eru allavega mjög slæmar og eru foreldrar mjög vel meðvituð um það.

TRÚNARÐARMÁL